

FUNDARGERÐ

124. stjórnarfundur KRAFT

124. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
2. mars 2021 kl. 20.15

Fundarmenn : Gry, Þórunn, Auðunn, Aron Ingi, Inga María, Lára og Laufey.
Muggur forfallaður.
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. KRAFTLYFTINGAÞING - UNDIRBÚNINGUR

- Lára sendir seinna fundarboð 6.mars. Með því fer kjörbréf og beiðni um að senda á KRAFT staðfest netfang. Láta vita að zoom-linkur á fundinn verður ekki sendur á viðeigandi netfang fyrr en nokkrum tímum fyrir þingið.
- Valdimar, formaður UMSK, hefur samþykkt að vera fundarstjóri.
- Stjórn, KRAFT og fundarstjóri verða í húsnæði ÍSÍ (Gry pantar fundarsal og athugar með búnað) en aðrir fundarmenn verða í fjarbúnaði.
- Lára hefur pantað verðlaunabikara fyrir kraftlyftingakonu og -karl ársins 2020, Sóley Margrét Jónsdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson. Lára / Gry athuga hvort þau sjái sér fært að mæta og taka við viðurkenningunni.
- Laufey verður þingritari og Þórunn til vara.
- Kjörbréfanefnd verður skipuð þremur : Þórunn, Lára og Auðunn.
- Framboð: Hinrik Pálsson, Rúnar Friðriksson og Þórunn Brynja Jónsdóttir.
- Gry fór yfir skýrslu stjórnar sem verður kynnt á þinginu. Stjórn samþykkti.
- Aron Ingi fór yfir ársreikninga og fjárhagsáætlun. Stjórn samþykkti.
- Ekki verður þörf á neinum leynilegum kosningum. Gert er ráð fyrir að þegar þarf að kjósa þá muni fundarmenn ýta á „Raise hand“ fyrir samþykki eða neitun og kjörbréfanefnd telur atkvæði. Fundarmenn fjarlægja „hendin“ þegar talningu er lokið hverju sinni.
- Tillögur að lagabreytingum og breytingum á reglugerðum verða sendar út með fundarboði til samþykkis á þinginu. Gry fór yfir nokkur atriði. Stjórn samþykkti breytingar.
- Stjórn mun leggja til á þinginu að leggja niður DOTS stigakerfið og taka upp IPF GL.
- Lagt til að stjórn opni á umræðu á þinginu um skipulag mótahalds. Auðunn mun hefja umræðu. Verður í liðnum „Önnur mál“ á þinginu.
- Stjórn samþykkti að ákvörðun um þáttökugjald í mótum verði óbreytt.

3. STYRKJAÚTHLUTANIR

Auðunn hefur fengið fyrirspurnir um hvernig styrkjafyrirkomulagið verður á árinu vegna keppna. Þórunn og Aron Ingi koma með tillögu fyrir næsta stjórnarfund.

4. ÖNNUR MÁL

- Landsliðsnefnd fundaði um daginn. Ræddi um lágmark. Er í vinnslu.
- IPF hefur lagt fram lagabreytingar, en kosningar vegna þeirra hafa farið misvel í meðlimi (lönd). Gry sendir á stjórn tillögu að lagabreytingum IPF.

5. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

6. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.40